

Náttúrustofa Suðausturlands
c/o Lilja Jóhannesdóttir
Nýheimum
Litlubrú 2
780 Höfn í Hornafirði

Höfn, miðvikudagur, 18. júní 2025
202506-0023/C.E.J.B.
10.01.01

Efni: Rannsóknaleyfi í Vatnajökulspjóðgarði

Náttúruverndarstofnun hefur móttekið umsókn Náttúrustofa Suðausturlands, dagsett 4.6.2025, um leyfi til rannsókna innan Vatnajökulspjóðgarðs.

Þetta leyfi nær utan um fimm verkefni hjá Náttúrustofu Suðausturlands, sem öll eiga það sameiginlegt að vera unnin ár eftir ár. Upphaflegu leyfin voru gefin út vorið 2021 og hafa verið endurnýjuð árlega síðan. Núna verður leyfið gefið út til fimm ára.

Vatnajökulspjóðgarður er friðlýstur sbr. lög nr. 60/2007.

Samkvæmt 15. gr. a. laga um þjóðgarðinn skal afla leyfis þjóðgarðsvarðar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja í þjóðgarðinum, svo sem til kvikmyndunar, listviðburða, samkomuhalds og rannsókna. Þjóðgarðsverði er heimilt að setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingu sem nauðsynleg eru.

Lýsing verkefnis:

Nöfn verkefnanna

Helsingi á Breiðamerkursandi
Helsingjamerkingar á Breiðamerkursandi
Talning helsingjahreiðra í Skúmey
Skúmur á Breiðamerkursandi
Vöktun kríuvarps við Jökulsárlón

Staðsetning innan Vatnajökulspjóðgarðs

Breiðamerkursandur, Skúmey og Jökulsárlón

Lýsing verkefnisins, tilgangur og framkvæmd

Ýmis langtímaverkefni tengd fuglaeftirliti sem starfsfólk Vatnajökulspjóðgarðs tekur oft þátt í.

Helsingi á Breiðamerkursandi: Hluti af stærra verkefni um vöktun Náttúruverndarsvæða sem er samstarfsverkefni náttúrustofa, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar og fleiri aðila. Þessum hluta verkefnis er ætlað að fylgjast með helsingja á Breiðamerkursandi. Fylgst verður með helsingja í reglulegum ferðum um sandinn.

Helsingjamerkingar á Breiðamerkursandi: Verkefnið er samstarfsverkefni Náttúrustofu Suðausturlands, Verkís og Náttúrustofu Austurlands. Einnig hefur starfsfólk Vatnajökulspjóðgarðs aðstoðað við verkefnið. Helsingjar eru merktir á Breiðamerkursandi um miðjan júlí. Nokkrum hópum helsingja, allt eftir aðstæðum, verður smalað saman í þar til gerða færanlega rétt og þar eru þeir kyngreindir og merktir.

Talning helsingjahreiðra í Skúmey: Helsingjahreiður eru talin í Skúmey um mánaðamótin maí/júní. Farið verður skipulega yfir eyna og öll hreiður talin og lesið af merktum helsingjum.

Skúmur á Breiðamerkursandi: Hluti af stærra verkefni um vöktun náttúruverndarsvæða og lykilþátta í íslenskri náttúru sem er samstarfsverkefni náttúrustofa, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar og fleiri aðila. Þessum hluta verkefnis er ætlað að fylgjast með varpárangri og fjölda skúms á Breiðamerkursandi. Fylgst verður með afkomu hreiðra innan 5 km radíus frá athafnasvæðis við Jökulsárlón yfir og á svæði austan við Fjallsá og svo verður fjöldi metinn út frá punkttalningum víðsvegar um sandinn.

Vöktun kríuvarps við Jökulsárlón: Hluti af stærra verkefni um vöktun Náttúruverndarsvæða sem er samstarfsverkefni náttúrustofa, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar og fleiri aðila. Þessum hluta verkefnis er ætlað að fylgjast með varpárangri kríu á Breiðamerkursandi. Fylgst verður með afkomu hreiðra innan kríuvarpsins við Jökulsárlón með reglulegum heimsóknum.

Lýsing á aðferðum við sýnatöku, sé það hluti af rannsókninni
Engin sýnataka.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur verkefnin gagnleg fyrir vísindalegan skilning á tegundunum og svæðinu.

Skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Náttúrustofu Suðausturlands fyrir sitt leyti leyfi til ofangreindra rannsókna innan Vatnajökulspjóðgarðs 1. janúar 2025 – 31. desember 2030 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Leyfið gildir 1. janúar 2025 - 31. desember 2030.

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við landverði við Jökulsárlón í síma 842-4355 eða Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Rannsóknaraðilar og farartæki skulu vera auðkennd sínum stofnunum og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsfólk verkefnisins skal ganga snyrtilega um svæðið og forðast allt rask og þess skal gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Undanfarin ár hefur hluti helsingjamerkinganna farið fram utan þjóðgarðsmarka. Leyfi landeigenda gæti því þurft fyrir verkefninu.
- Tilkynna skal Vatnajökulspjóðgarði ef myndavélar verða settar upp og einnig þegar þær verða teknar niður.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Ef nota á ómönnuð loftför í verkefnunum mælist Náttúruverndarstofnun til þess að leyfishafi taki á loft og lendi ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 1360/2024

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 1360/2024, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir rekstraraðilar ómannaðra loftfara verða að skrá tækin hjá Samgöngustofu á vefsíðunni flydrone.is.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Vatnajökulspjóðgarður óskar eftir því að fá afrit af niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds.

Öllum er skylt að ganga vel um náttúru þjóðgarðsins og menningarminjar og sýna ýtrustu varúð og tillitssemi svo að náttúru, menningarminjum og mannvirkjum þjóðgarðsins verði ekki spillt. Gestum þjóðgarðsins er skylt að hlíta fyrir mælum starfsmanna þjóðgarðsins um umgengni og háttsemi í þjóðgarðinum, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga um Vatnajökulspjóðgarð. Óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum, landslagi og menningarminjum innan Vatnajökulspjóðgarðs sbr. 1. mgr. 14. gr. laganna.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Vatnajökulspjóðgarður afturkallað leyfið.

Anna Ragnarsdóttir Pedersen

Þjóðgarðsvörður

Charlotte Brzeski

Aðstoðarþjóðgarsvörður